

Nd.

129. Nefndarállt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Með lögum nr. 29, 20. júní 1923, eru rjettindi þeirra manna, sem atvinnu stunda við vjelgæslu á mótorskipum, að mestu bundin við próf frá mótorskólanum, sem enn eigi er tekinn til starfa, og próf frá námsskeiði Fiskifjeldags Íslands. Verður að vísu að viðurkenna, að sú þekking, sem menn á þennan hátt öðlast, er góð og nauðsynleg, en fram hjá hinu þykir þó ekki mega ganga, að menn, sem lengi hafa fengist við vjelgæslu, þótt ekki hafi þeir próf frá námskeiðum Fiskifjeldagsins, geti fullkomlega staðið hinum á sporði. Rýmkun í þessa átt verður að teljast því nauðsynlegri, að meira vjelalið er nú heimtað en áður var.

Þá þykir meiri hluta nefndarinnar of langur sá tími, sem mönnum er ætlað að stunda vjelgæslu til þess að öðlast skirteini, og hefir flutningsmaður eftir atvikum fallist á það.

Með 3. gr. frv. er það felt niður, að þeir, sem hafa prófskirteini frá Vjelstjóraskóla Íslands, geti öðlast rjett til að verða vjelstjórar á mótorskipum fyr en þeir hafa öðlast skirteini sem 1. vjelstjóri á gufuskipi, skv. 7. gr. l. nr. 43, 3. nóv. 1915. En undirbúningstímamann vill nefndin stytta frá því, sem í frv. er ákveðið.

4. gr. frv. vill nefndin fella niður.

5. gr. frv. fer í þá átt, að binda eigi rjettindi þeirra, sem þar um ræðir, við starf á »samskonar skipi«, svo sem gert er í lögnum. Hefir og orkað tvímælis, hvað við sje átt með því.

Samkvæmt framansögðu leyfir nefndin sjer að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað »18 mánuði« komi: 12 mánuði.
2. Við 2. gr. Í stað »24 mánuði« komi: 12 mánuði.
3. Við 3. gr. Í stað »12 mánuði« komi: 6 mánuði.
4. Við 4. gr. Greinin fellur burt.
5. Við 5. gr. Í stað »18 mánuði« komi: 12 mánuði.

Alþingi, 11. mars 1924.

Aug. Flygenring,
formaður.

Björn Línal,
fundaskrifari.

Ásg. Ásgeirsson.

Sigurjón Jónsson.

Jón Balalvinsson,
framsm.